

FUNDARGERÐ

Tílefni fundar			Síða
Aðalfundur GHG 2024			1
Dags. fundar	Tími	Málalykill	Nr. fundar
12.12.2024	20:00	Aðalfundur	
Fundarstjóri	Fundarritari		Dags.
Kristinn Kristjánsson	Anna Pála		
Fundarmenn			
32 félagsmenn sóttu fundinn			
Afrit			

Lýsing	Ábyrgð	Lokið fyrir
<p>1. Þórhallur Einisson varaformaður setti fund í fjarveru formanns Vignis Demussonar sem boðaði forföll vegna veikinda, Þórhallur bar fram tillögu um fundarstjóra og fundarritara. Kristinn Kristjánsson fundarstjóri Anna Pála Víglundsdóttir ritari. Samþykkt samhljóða Þar sem dagskrá, ársreikningur og aðrir pappírar eru tiltækir á netinu er fundurinn pappírslaus, umhverfisvænn.</p>		
<p>2. Skýrsla stjórnar starfsárið 2024 Þórhallur varaformaður flutti skýrsluna í fjarveru formans. Skýrslan er aðgengileg á netinu. Fundarstjóri bauð fundarmönnum að spyrja út í skýrslu stjórnar en engar spurningar bárust.</p>		
<p>3. Ársreikningur Sveinn gjaldkeri fór yfir ársreikninginn sem er aðgengilegur og öllum opin á heimasíðu GHG á netinu. Ársreikningur var samþykktur samhljóða. Ein spurning kom úr sal um notkun á golfhermi. Hvort hafi verið gerð könnun á hvernig er staðið að leigu á golfhermum annarstaðar. Þórhallur svaraði að það væri skoðað reglulega og hann fullyrti að leigugjaldið hjá okkar væri mjög lágt miðað við víða annarstaðar.</p>		
<p>4. Félagsgjöld, Tillaga að nýrri gjaldskrá fyrir árið 2025 liggur fyrir á heimasíðu GHG og kynnti fundarstjóri hana. Um er að ræða c.a 10% hækkun. Inga P spurði hvort ekki væri óþarfi að hafa frítt fyrir unga fólkið. Rukka frekar lágt gjald fyrir þau. Þórhallur svaraði að þetta væri gert til að frekar kæmu ungir aðilar í golf. Einnig fáum við styrk frá Hveragerðisbæ og lottó tekjur vegna krakkanna.</p>		

Lýsing	Ábyrgð	Lokið fyrir
<p>Spurt út í hjónagjaldið. Einnig spurt um hvers vegna væri bara 56.000 fyrir 19-29. Samþykkt á sínum tíma til að reyna að koma í veg fyrir brottfall úr klúbbum.</p> <p>Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.</p> <p>Einnig að saman flatagjald verði fyrir og eftir 14:00 á daginn.</p>		
<p>5. Fjárhagsáætlun er aðgengileg á netinu.</p> <p>Sveinn gjaldkeri kynnti og fór yfir áætlunina.</p> <p>Umræður um fjárhagsáætlun:</p> <p>Spurt hvort nauðsyn væri að kaupa yfirsáningarvél, er ekki hægt að leiga vél þau skipti sem við þurfum á því að halda.</p> <p>Svar: Erfitt að fá leigðar vélar, allir eru að gera þetta á sama tíma</p> <p>Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.</p>		
<p>6. Lagabreytingar. Engar lagabreytingar liggja fyrir.</p>		
<p>7. Kosningar</p> <p>a) Kosning formanns. Vignir gefur kost á sér og fékk gott klapp.</p> <p>b) Kosning þriggja stjórnarmanna til tveggja ára: 2 núverandi tilbúnir að halda áfram –</p> <ul style="list-style-type: none"> • Þórhallur Einisson – gefur kost á sér áfram • Erlingur Arthúrsson – gefur kost á sér áfram • Ólafur Dór Steindórsson gefur kost á sér sem nýr í stjórn <p>Samþykktir með lófataki.</p> <p>c) Kosning þriggja varamanna til eins árs: 2 núverandi tilbúnir að halda áfram -</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hjörtur Árnason – gefur kost á sér áfram • Arnar Geir Helgason – gefur kost á sér áfram • Gunnar Árnason – gefur kost á sér sem nýr varamaður <p>Samþykktir með lófataki</p> <p>d) Kosning skoðunarmanna til eins árs – núvarandi gefa kost á sér áfram -</p> <ul style="list-style-type: none"> • Gísli Páll Pálsson • Sigurður Egilsson • Til vara: Eyvindur Bjarnason <p>Samþykkt með lófataki.</p>		
<p>8. Viðurkenningar – Þórhallur og Einar Lyng kynntu:</p> <p>Háttvísibikarinn/félagi ársins: Háttvísibikarinn er gjöf frá GSÍ og hljóta hann einstaklingar sem hafa mikinn íþrótaanda, gefast aldrei upp, sýna</p>		

Lýsing	Ábyrgð	Lokið fyrir
<p>miklar framfarir, vera sér og klúbbum til mikils sóma bæði innan vallar sem utan og umfram allt, vera fyrirmynd fyrir aðra í kringum sig. Háttvísibikarinn í ár hljóta tveir ungir og upprennandi kylfingar, þeir Sigurður Grétar Gunnarsson og Theódór Ólafsson.</p> <p>Verðlaun veitt fyrir innanfélagsmótaröðina:</p> <p>Karlaflokkur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Sæmundur Sigurðsson – 1. sæti. • Steindór Gestsson – 2. sæti. • Erlingur Atrhúrssón – 3. sæti. <p>Kvennaflokkur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Ásta Björg Ásgeirsdóttir – 1. sæti. • Jóna Sigríður Ólafsdóttir – 2. sæti. • Ingibjörg Mjöll Pétursdóttir – 3. sæti. <p>Barmmerki GHG: Veitt fyrir farsæla þátttöku í starfi GHG til langs tíma:</p> <p>Hafsteinn Bjarnason Valdís Steingrímsdóttir Daði Ingimundarson Eyvindur Bjarnason Inga Dóra Konráðsdóttir Elín Hrönn Jónsdóttir Guðlaugur Bragi Gíslason Auðunn Sigurðsson Kolbrún Bjarnadóttir Steindór Gestsson</p>		
<p>9. Önnur mál.</p> <p>Elías: Mikið myrkur við veg að skála Hann lagði fram eftirfarandi tillögu: Aðalfundur skorar á stjórn GHG að koma upp lýsingu meðfram veginum við 3. flötina, en yfir veturinn er þar mikið myrkur.</p> <p>Samþykkt samhljóða Verður farið fljótt í þessi mál</p> <p>Þá kom fram að skoða þyrfti áburðarspreyara og hvort ekki verði hægt að koma honum í gagnið. Þarf að athugað með að kaupa nýjan. Fín umræða um málið.</p> <p>Daði: Þakkaði stjórn fyrir gott starf og þakkaði Hirti fyrir gott utanumhald vegna 65 og eldri</p> <p>Spurði um myndavél í golfhermi. Myndavél er eftirlitsmyndavél, stjórn skoðar málið. Hann benti á að hægt væri að hafa aðeins kveikt á eftirlitskerfi yfir nóttina.</p> <p>Einnig spurði hann um WC tengt herminum. Skorar á stjórn að laga þessi mál. Skorar á einnig á alla að mæta í herminn.</p> <p>Erlingur: Sýndi að meistaramót GHG er komin í golfbox Stjórn búin að samþykkja nýjar reglur fyrir meistaramót. Erlingur fór lauslega yfir nýju reglurnar.</p>		

Lýsing	Ábyrgð	Lokið fyrir
<p>Sigurður Þráinsson: Sagðist vera frekar á móti því að lýsa upp veginn að skálanum, ljósmengun væri víða mikil.</p> <p>Sveinn sagði að hugsað væri um lága lýsingu við veg.</p> <p>Erlingur sagði hægt væri að setja ljós í vegstikur</p> <p>SP spurði einnig um íbúðir í útleigu á vegum félagsins, hvernig er ástand þeirra væri.</p> <p>Sveinn svaraði að stærri íbúðin væri í góðu standi en við vissum ekki um ástand þeirrar minni. En núverandi leigjendur væru að vinna í að gera ástandið betra.</p> <p>Þórhallur ber upp tillögu þess efnis að allir félagsmenn fái einn klukkutíma frían í golfhermi á árinu 2025.</p> <p>Samþykkt með breytingartillögu frá Erlingi um að það kæmi fram að allir fullgreiðandi/fullgildir félagar fengju gjafabréfið.</p> <p>Kolbrún lagði til að við yrðum vinavöllur Flúða og Vestmannaeyja á næsta ári, ábending til stjórnar.</p> <p>Fundi slitið kl. 22:10</p>		